



Rekstrarþjónusta

Rekstur stjórnsýsluhúsa og tengd fjárfestingarverkefni





Grundvöllur starfseminnar byggir á:

Mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar 2018-2025

- Leiðarljósið *Traust*: Reykjavíkurborg hefur heilsu starfsfólks og vellíðan í fyrirrúmi sem skilar sér í aukinni ánægju og bættri þjónustu til borgarbúa. Starfsfólki er skapað öruggt umhverfi og gagnkvæm virðing er í öllum samskiptum.

Öryggisstefnu Reykjavíkurborgar 2022-2026 (sem byggir á ofangreindu leiðarljósi)

- Í öryggisstefnu Reykjavíkurborgar er skilgreint hvernig borgin vill tryggja starfsfólki sínu öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi í samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og þeim reglugerðum sem lögnum fylgja

Grænum skrefum í starfsemi Reykjavíkurborgar

- Verkefnið Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar snýst um að efla vistvænan rekstur í starfsemi borgarinnar og minnka umhverfisáhrif sveitarfélagsins í fjórum skrefum. Skrefin skiptast í: rafmagn og húshitun, flokkun og minni sóun, viðburði og fundi, eldhús og kaffistofur, innkaup og samgöngur.



Rekstrarþjónusta stjórnsýsluhúsa

Ber ábyrgð á rekstri, eftirliti, öryggismálum og sjálfbærni í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar.

Undir rekstur fellur m.a. húsvarsla, rekstur mötuneyta, ræsting bygginga, sóttvarnir, og eftirlit með ástandi, viðhaldi og endurnýjunarþörf þeirra húskerfa sem rekstrarþjónustunni er falið að sinna.

Undir öryggismál falla m.a. aðgangsstýringar, öryggiskerfi, myndavélakerfi, eldvarnir og staðbundin gæsla.

Rekstrarþjónustan kemur að flestum viðburðum sem haldnir eru í stjórnsýsluhúsunum.



Fjárfestingarverkefni

Rekstrarþjónusta stjórnsýsluhúsa er ábyrgðaraðili fjárfestingarverkefna:

- Breytingar í stjórnsýsluhúsum
- Húsumsjónarkerfi og hugbúnaður fyrir skilvirka rekstrarþjónustu
- Sjálfbærar skrifstofur (lýsingarverkefni)
- Umhverfisstjórnun stjórnsýsluhúsa
- Öryggis- og aðgangskerfi



Fjárfestingarverkefni

Breytingar í stjórnsýsluhúsum

- Bæting starfsaðstöðu með tilliti til aðbúnaðar, hljóðvistar og nýtingu. Endurskipulagning hæða og rýma, útfærsla og standsetning nýrra rýma.

Húsumsjónarkerfi og hugbúnaður fyrir skilvirka rekstrarþjónustu

- Innleiðingu nýs beiðnakerfis, verkefnastjórnunarkerfis og endurbættra húsbóka.

Öryggis- og aðgangskerfi

- Heildstæð endurnýjun aðgangskerfis stjórnsýsluhúsa, og innleiðing öryggismyndavéla.



Lýsing

Endurnýjun ljósabúnaðar í stjórnsýsluhúsum





Lýsingarverkefni

Ljósabúnaður í Borgartúni 12-14 og Ráðhúsi Reykjavíkur er að miklu leyti úr sér genginn og þarfnast endurnýjunar.

Ráðhúsi forgangsraðað frammar en Borgartúni, þar sem um sérhannaða lýsingu er að ræða.






Lýsingarverkefni

Afar brýn þörf er á heildstæðri endurnýjun lýsingarbúnaðar fyrir Ráðhúsið, þar sem ekki hafa fengist inn varahlutir í núverandi kerfi í nokkurn tíma.

Stjórnötölva lýsingar stærri fundarherbergja jafnframt hluti af verkefninu.






Lýsingarverkefni

Hefur talsverð áhrif á stærri fundarsali í norðurhúsi Ráðhúss Reykjavíkur.

Tekur til Borgarstjórnarsalar og Borgarráðsherbergis, þar sem borgarstjórn annars vegar og borgarráð hins vegar halda reglulega fundi sína.





Lýsingarverkefni

Undirbúningsvinna
útboðsgagna stendur yfir.

Samstarfsverkefni ÞON, USK
og arkitekts Ráðhúss
Reykjavíkur.






Lýsingarverkefni

#framtíðarmúsík

Hagræðing í rekstri með orkusparnaði sem fylgir LED væðingu lýsingarbúnaðar.

Snjöll ljósastýring. Samtenging við endurnýjað aðgangskerfi.

Ljós kvikna sjálfkrafa þegar starfsmaður opnar inn í aðgangsstýrð rými.






Loftgæði

Mælingar og gagnadrifnar ákvarðanir





Umhverfisstýringar

Umhverfismælar eru komnir í öll skrifstofurými í Borgartúni og Ráðhúsi, auk flestra stærri fundarherbergja.

Gagnasöfnun er í gangi til að greina raunstöðu til lengri tíma og óvenjuleg frávik frá æskilegum gildum.



Umhverfisstýringar

Mælingar taka til lofthita, rakastigs, birtustigs, loftþrýstings, magns koltvísýrings, magns rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) og almennra loftgæða (IAQ).

Veðurstöð á þaki Tjarnargötu 12.



Umhverfisstýringar

Æskilegt hitastig innanhúss við kyrrstöðuvinnu er 18°C til 22°C. Flestum finnst þægilegast þegar hitastigið er milli 20°C og 22°C.


Æskilegt rakastig innanhúss er á bilinu 30% til 50%. Flestum finnst þægilegast þegar rakastigið er á milli 30% til 40%.

Æskilegt er að gildi koltvísýrings sé undir 800 ppm og fari ekki yfir 1000 ppm.




Umhverfisstýringar

IAQ	Loftgæði	Áhrif	Aðgerð
0-50	Framúrskarandi	Hreint loft - Best	Engin þörf
51-100	Góð	Engin erting eða áhrif á vellíðan	Engin þörf
101-150	Létt mengun	Minnguð vellíðan möguleg	Loftræsta
151-200	Hófleg mengun	Meiri erting möguleg	Auka loftræstingu með hreinu lofti
201-300	Mikil mengun	Mikil erting, getur leitt til höfuðverkja eftir tegund efna(VOC)	Hagræða loftræstingu
301-500	Óhófleg mengun	Höfuðverkir og mikil heilsufarsleg áhrif möguleg ef hættuleg efni(VOC) til staðar.	Finna orsök, forðast veru í rýminu og hámarka loftræstingu



Umhverfisstýringar




Tímastimpill	Hitastig	humidity	volatile organic compounds	co2
9.11.2022, 15:51:56	22,37 °C	27,5 %	234	649 ppm
9.11.2022, 15:41:52	22,4 °C	27,5 %	241	675 ppm
9.11.2022, 15:31:48	22,41 °C	28 %	249	692 ppm
9.11.2022, 15:21:44	22,43 °C	28 %	259	711 ppm
9.11.2022, 15:11:40	22,44 °C	28 %	272	731 ppm
9.11.2022, 15:01:38	22,44 °C	27,5 %	280	749 ppm
9.11.2022, 14:51:34	22,44 °C	27,5 %	295	757 ppm
9.11.2022, 14:41:30	22,41 °C	27,5 %	296	752 ppm
9.11.2022, 14:31:26	22,4 °C	27 %	300	747 ppm
9.11.2022, 14:21:22	22,36 °C	27 %	285	728 ppm
9.11.2022, 14:11:18	22,34 °C	26,5 %	269	701 ppm



Umhverfisstýringar

Mælingar hafa þegar leitt til úrbótaverkefna sem hafa haft jákvæð áhrif á starfsaðstöðu.

Mælingar jafnframt í gangi í geymslum þar sem varðveitt eru skjöl, tækjabúnaður eða almennur búnaður.



Umhverfisstýringar

#framtíðarmúsík

Tenging upplýsinga í rauntíma við upplýsingasíður fundarherbergja.

Sjálfvirkar tilkynningar til þess sem bókar fund um að gott sé að gera hlé á fundi eða opna glugga ef mælingar fara yfir ákveðin mörk.